

„Par lágu spor hjá löngu föllnum garði,
sem liðin kynslóð gekk á undan þér.“

María Bjarnadóttir *Æskuminning* 1896-1976



Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2018



1: Myndlistarkonurnar Josefina Morell og Cristina Cotoana. 2. Hvítárbrúarsýningin skoðuð, Helgi Bjarnason sýningarstóri spjallar við Trausta Jónsson. 3. Áhugasamir krakkar skoða sýningargrip sem á sér merka sögu.

Mars 2019

Guðrún Jónsdóttir
Jóhanna Skúladóttir
Sævar Ingi Jónsson

Ljósmyndir: GJ

Efnisyfirlit

1. Starfsemi safnanna	3
1.1 Almennt	3
1.2 Helstu verkefni 2018	3
1.3 Gestafjöldi	10
1.4 Fjárhagur	11
1.5 Viðhald og endurnýjun húsnæðis og tækja	12
1.6 Starfsmannamál	12
1.7 Stjórnsýslufyrirkomulag	13
1.8 Kynningarmál	13
1.9 Vörslumál	14
1.10 Rannsóknir og skrif	14
1.11 Öryggismál	14
1.12 Þakkir	14
2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	15
2.1 Lánþegafjöldi, útlánatölur og safnkostur	15
2.2 Helstu verkefni	15
2.3 Gjafir til handa Héraðsbókasafni á árinu 2018	17
3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	18
3.1 Almennt	18
3.2 Skjalavarsla og þjónusta	18
3.3 Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir	19
3.4 Sýningar og miðlun	20
3.5 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2018	21
4. Munasafn	25
4.1 Byggðasafn Borgarfjarðar	25
4.2 Listasafn Borgarness	27
4.3 Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	29

Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2018

I. Starfsemi safnanna

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður

I.1 Almenn

Í Safnahúsi eru fimm söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Héraðsbókasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Innan Héraðsbókasafnsins er Pálssafn, einkabókasafn Páls Jónssonar.

Í starfsemi hússins er menningarstefna Borgarbyggðar höfð að leiðarljósi og áhersla lögð á *lifandi starfsemi, fræðslu og miðlun*.

Árið 2018 var að venju margt um að vera. Meðal viðburða var opnun fjögurra myndlistarsýninga auk þess sem tvær nýjungar voru á dagskrá; annars vegar fyrirlestrar og hins vegar myndamorgnar þar sem gestir voru beðnir um að greina ljósmyndir fyrir Héraðsskjalasafnið. Hvort tveggja reyndist góð viðbót í safnastarfið.

I.2 Helstu verkefni 2018

1.2.1 Listsýningar

Á árinu voru þrjár myndlistarsýningar og ein ljósmynda- og ljóðasýning í Hallsteinssal. Voru þessi verkefni af fjölbreyttum toga og höfundar verkanna fimm allt konur úr héraði. Sjá nánar undir Listasafn hér síðar í skýrslunni.

1.2.2 Að vera skáld og skapa

Í byrjun janúar var lokið við undirbúning vegna árlegs samstarfs við Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Að þessu sinni tóku markmið og textaval sérstakt mið af fullveldisárinu og horft var til ástar á landinu eins og hún kemur fram í borgfirskum ljóðum. Voru skáldin fulltrúar ýmissa tímabila, alveg til samtíma. Fengu nemendur skólans ljóðahefti í hendur á fyrstu dögum ársins og sömdu lög við ljóðin á vorönn undir handleiðslu kennara sinna. Uppskeruhátíðin var svo í formi fjölsótttra tónleika í Safnahúsi á sumardaginn fyrsta (19. apríl) þar sem nemendur fluttu eigin verk. Tónlistarskólinn og Safnahús hafa á undanförunum árum unnið saman að þessu verkefni í því augnamiði að hvetja ungt fólk til að semja tónlist við ljóð og var þetta í sjötta sinn. Verkefnið byggir á ákvæði í menningarstefnu Borgarbyggðar um frumkvæði, sköpun og menningararf og hefur fengið sérstaklega jákvæð viðbrögð, bæði hjá nemendum skólans og fjölskyldum þeirra, svo og sveitarstjórn og íbúum í héraðinu. Einnig fékk verkefnið að þessu sinni styrk hjá afmælisnefnd um fullveldi Íslands og voru tónleikarnir einn viðburða afmælisársins. Dagskráin tók um klukkutíma. Hún var öllum opin og boðið var upp á sumarkaffi að henni lokinni. Hér má sjá yfirlit yfir skáld verkefnsins frá upphafi:

2012 *Guðrún Jóhannsdóttir (1892-1970)*.

2014 *Guðmundur Böðvarsson (1904-1974)*.

2015 Fjórar skáldkonur frá Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum, *Guðrún Halldórsdóttir* (1848-1930), *Sigríður Helgadóttir* (1884-1977), *Valdís Halldórsdóttir* (1908-2002), *Guðrún Halldórsdóttir* (1912-2006).

2016 *Snorri Hjartarson* (1906-1986).

2017 *Halldóra B. Björnsson* (1907-1968).

2018 *Aðalsteinn Halldórsson*, *Ásgeir Bjarnþórsson*, *Björg Bjarnadóttir*, *Björk* (*Guðrún Margrét Guðmundsdóttir*), *Elín Eiríksdóttir*, *Elín Vigfúsdóttir*, *Geir Gunnlaugsson*, *Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöðum*, *Halldór Helgason*, *Ívar Björnsson frá Steðja*, *Jóhann J. E. Kúld*, *Jón Magnússon*, *Jónas Guðlaugsson*, *Júlíana Jónsdóttir*, *Kristján Árnason*, *Kristján Jónasson*, *Lóa Þorkelsdóttir*, *Málfriður Einars frá Munaðarnesi*, *Sigríður Beinteinsdóttir*, *Sigríður Einars frá Munaðarnesi*, *Sigurður Júlíus Jóhannesson*, *Sveinbjörn Beinteinsson og Þorgeir Sveinbjarnarson*.

1.2.3 Hvítárbrúin 90 ára

Fimmtudaginn 1. nóv. var opnuð í Hallsteinssal sögusýning um Hvítárbrúna við Ferjukot, enda fór vígsla hennar fram þennan sama dag árið 1928. Sýningarstjóri var Helgi Bjarnason frá Laugalandi í Stafholtstungum og hafði hann annast stærstan hluta faglegs undirbúnings. Verkefnið kom fyrst til tals í febrúar 2017, að frumkvæði Helga. Um var að ræða veggspjaldasýningu með fróðleik og fjölda ljósmynda, en einnig voru nokkrir merkir gripir og skjöl á sýningunni.

Starfssvæði Safnahúss nær allt frá Hvalfirði og vestur að Hítará. Verkefnaval tekur sterkt mið af því menningarsamfélagi sem þar er og þaðan kemur. Þannig koma einstaklingar gjarnan beint að miðlun þekkingar um efni sem þeir þekkja vel. Samstarfið við Helga Bjarnason var gott dæmi um þetta. Að þessu sinni var Hvítárbrúin viðfangsefnið enda á hún sér stað í hjarta fólks og gildi hennar fyrir svæðið á sínum tíma var óumdeilt. Hvíta er með straumharðari vatnsföllum á Íslandi og brú yfir hana á sínum tíma skipti sköpum í samgöngum. Hönnun brúarinnar og smíði voru afrek miðað við þá verktækni sem þá var til staðar og hún þykir með falgri mannvirkjum.

Heiður Hörn Hjartardóttir var hönnuður sýningarinnar, sem var eins og fyrr kom fram hluti af dagskrá Menningararfsárs Evrópu 2018 og var unnin í samvinnu við Minjastofnun Íslands og Vegagerðina.

Verkefnið var helgað minningu Þorkels Fjeldsted, fyrrum bónda í Ferjukoti sem lést fyrir aldur fram árið 2014. Þorkell lét sér alltaf mjög annt um að varðveita sögulegan fróðleik og miðla honum í lifandi frásögn. Hann bjó í návígi við brúna alla sína ævi og gegndi veigamiklu hlutverki í hátíðahöldum vegna 80 ára afmælis hennar í ágúst 2008.

Sýningin var styrkt af Kaupfélagi Borgfirðinga og Geirabakarí lagði til hluta veitinganna við opnunina í minningu Þorkels.

Á opnunardaginn var stutt hátíðardagskrá á neðri hæð Safnahúss og gestum boðið að skoða sýninguna að henni lokinni. Sýningin var sett upp til lengri tíma og stendur til 12. mars 2019. Hefur aðsókn að henni verið mjög góð.

1.2.4 Til minningar um ævi og störf

Frá árinu 2017 hefur rými við stigauppgöngu verið nýtt fyrir veggspjöld í minningu fólks og hefur það mælst vel fyrir. Fyrstu mánuðina var uppi sýning um *dr. Selmu Jónsdóttur* og hafði sú sýning tekið við af sýningu um *Jakob Jónsson á Varmalæk*. Í byrjun mars voru sett upp veggspjöld um *Magnús Jónasson* bílastjóra í Borgarnesi. Var tilefnið það að hann eignaðist fyrsta bílinn sem kom í Borgarnes þá hundrað árum fyrr, árið 1918. Heiður Hörn Hjartardóttir hannaði allar sýningarnar og sýningin um Magnús var enn uppi um áramót. Þess má geta að samfara heimildaöflun vegna Magnúsar ritaði forstöðumaður grein um hann í Borgfirðingabók. Allt þetta var gert í samvinnu við fjölskyldu Magnúsar sem ekki er lengur búsett í Borgarnesi en sótti sýninguna heim í nokkur skipti.

Í árslok var gefið út sérprentað bókamerki í minningu skáldkonunnar Júlíönu Jónsdóttur (1838–1917) sem var fyrst kvenna til að gefa út skáldrit á Íslandi; ljóðabókina Stúlku sem kom út árið 1876. Júlíana var fædd á Búrfelli og ólst að hluta til upp á Rauðsgili í Hálsasveit.

1.2.5 Íslenski safnadagurinn

Íslenski safnadagurinn var miðvikudaginn 18. maí. Tók Safnahús þátt í þessu landsátaki safna með því að bjóða upp á leiðsögn og hafa ókeypis inn á sýningar. Einnig var tekið þátt í sameiginlegum auglýsingum vegna dagsins.

1.2.6 Sumarlestur barna

Í ellefta sinn efndi Héraðsbókasafnið til sumarlesturs fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og er nánar gerð grein fyrir því í skýrslu Héraðsbókavarðar sem annaðist skipulagningu verkefnisins. Sandri Shabansson sumarstarfsmaður á bókasafni var honum til aðstoðar.

1.2.7 Rannsóknir og skrif

Talsvert var sett inn af fróðleik á heimasíðu hússins (www.safnahus.is) á árinu. Einnig skrifaði Guðrún Jónsdóttir fyrrnefnda grein í Borgfirðingabók um Magnús Jónasson bílastjóra og margt fleira mætti nefna. Heimildavinna og rannsóknir í safnastarfi skilja alltaf eftir sig talsvert efni sem er miðlað eftir ýmsum leiðum.

1.2.8 Samstarf

Samstarf var áfram við Tónlistarskóla Borgarfjarðar um verkefnið Að vera skáld og skapa og lestrarátakið sumarlestur var unnið í samvinnu við tilheyrandi fræðslustofnanir í héraði. Hvítárbrúarverkefni Safnahúss var valið sem einn dagskrárliða á Íslandi á Evrópsku ári menningararfs (European Year of Cultural Heritage 2018) og var unnið í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Lagt var til grundvallar að brúin var á sínum tíma mikil samgöngubót og þáttur í breyttu ferðamunstri landans, þ.e. breytingunni sem átti sér stað þegar fólk hætti að ferðast mest á sjó og fór að ferðast meira á landi. Einkennismerki menningararfsársins var notað við kynningu á viðburðinum og Magnús A. Sigurðsson minjavörður Vesturlands var fulltrúi Minjastofnunar við opnunina.

Samstarf var við afmælisnefnd um fullveldi Íslands um verkefnið „Að vera skáld og skapa” og voru tónleikarnir 19. apríl á viðburðaskrá afmælisársins.

1.2.9 Skráningar

Eins og fram kemur síðar í skýrslunni var mikið átak í skráningum og aðbúnaði safnkosts á árinu. Í upphafi árs vann verkefnisstjóri (Halldór Óli Gunnarsson) t.d. fyrir Héraðsskjalasafn, við skönnun og skráningu ljósmynda, s.s. frá eftirtöldum: Júlíönu Jónsdóttur, Guðrúnu Gísladóttur og Jóhanni Guðmundssyni, Kristínu Sveinbjörnsdóttur, Björk Halldórsdóttur, Guðmundi Björnssyni og Þóru H. Júlíusdóttur, Erlu B. Daniélsdóttur, Ásgeiri Péturssyni, Helga J. Ólafssyni, Guðmundi Jónssyni og Hróðnýju Þorvaldsdóttur. Myndirnar eru nú aðgengilegar almenningi á www.sarpur.is. Fjöldi gripa af byggðasafni var einnig skráður í Sarp.

1.2.10 Fyrirlestrar

Árið 2017 var fyrst farið að halda fagfyrirlestra í Safnahúsi og hefur því verið vel tekið. Fyrirlestrarir tengjast starfssviði safnanna og taka um klukkutíma. Að því loknu eru óformlegar umræður og kaffiveitingar.

Fyrirlestrar og efni ársins 2018 voru þessir:

12. janúar	Jóhanna Skúladóttir: rafmagnsleysi á Mýrum
18. janúar	Guðrún Bjarnadóttir: jurtalitun
15. febrúar	Már Jónsson: Jón Thoroddsen
15. mars	Guðlín Erla Kristjánsdóttir og Jónína H. Pálsdóttir: Jakobsvegurinn
13. September	Sigrún Elíasdóttir: ævintýri, fantasiur og vísindaskáldskapur
01. nóvember	Baldur Þór Þorvaldsson: Hvítárbrúin.

1.2.11 Gömul hús

Hlíðartúnshús - Að venju sótti Safnahús um styrk til Minjastofnunar vegna endurgerðar Hlíðartúnshúsanna sem eru minjar um búskap innan bæjarmarka Borgarness og eru í eigu Borgarbyggðar. Fékkst styrkur upp á kr. 500.000 og var hann nýttur til að endurnýja framhlið og þak á fjárhúsi. Safnahús hefur sótt um styrki til viðgerðar á húsunum allt frá árinu 2009 í samvinnu við eignasvið Borgarbyggðar sem annast skipulag framkvæmda hverju sinni. Tengliður er Kristján Finnur Kristjánsson umsjónarmaður fasteigna hjá Borgarbyggð. Hér má sjá yfirlit yfir þá styrki sem fengist hafa:

ár	kr.
2009	400.000
2010	350.000
2011	300.000
2012	300.000
2013	300.000
2016	500.000
2017	500.000
2018	500.000
	3.150.000

1.2.12 Myndamorgnar

Á myndamorgnum eru gestir beðnir um að greina ljósmyndir. Voru sex slíkir haldnir á árinu. Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður annaðist framkvæmdina og má sjá nánar um verkefnið í greinargerð hennar um skjalasafnið.

1.2.13 Alþjóðlegir straumar, þekking og faglegt samstarf

Forstöðumaður kynnti sér rekstur safnaklasa og menningarmiðstöðva í Skotlandi og tók að haustinu þátt í Farskóla safnmanna í Dublin ásamt Halldóri Óla Gunnarssyni sem starfaði þá fyrir munasöfnin. Að ferðunum loknum skiluðu báðir ferðalangar ítarlegum greinargerðum um upplifun sína. Eru slíkar námferðir afar mikilvægt innlegg í starfsemina; í að fylgjast með þróun safnastarfs í alþjóðlegu samhengi. Héraðsbókavörður sótti vorfund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna og ráðstefnu Upplýsingar (Félags bókasafns- og upplýsingafræða) í október. Einnig sótti héraðsskjalavörður vorfund opinberra skjalasafna og fór í námsferð skjalavarða til Edinborgar, greindi hún ítarlega frá þeirri ferð á starfsmannafundi. Forstöðumaður sótti vorfundi Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns og Halldór Óli Gunnarsson námskeið hjá Borgarsögusafni í meðferð textíla. Munir frá byggðasafni eru hluti sýningar í Reykholti sem sett var upp í tilefni fullveldisafmælisins og gripir voru lánaðir að Hvanneyri af sama tilefni. Ljósmyndir frá Héraðsskjalasafni af borgfirskum vinnandi konum voru meðal þeirra sem varpað var upp á skjá við Arnarhól á Kvennafrídaginn. Skólaborð var lánað til Grunnskóla Ólafsvíkur um nokkurra vikna skeið, vegna sýningar í tilefni fullveldisafmælisins. Margt fleira mætti upp telja, s.s. undirbúning að láni á verkum Eyborgu Guðmundsdóttur til sýningar á Kjarvalsstöðum (Listasafn Reykjavíkur) í febrúar 2019.

1.2.14 Annað

Til viðbótar ofangreindu var ýmislegt á dagskrá safnanna. Hér skulu nefnd nokkur dæmi:

Erindi og skrif – Forstöðumaður flutti erindi á íbúafundi um safnamál í Hjálmakletti í apríl og erindi um Guðrúnu frá Lundi í Brákarhlíð auk fyrirlestrar um safnamál fyrir Lionsklúbbinn Öglu í febrúar og erindis um sama efni á málþingi á Ísafirði í byrjun nóvember. Einnig flutti hún erindi um skráningu á steinasafni í Hönnunarsafni Íslands í apríl. Héraðsskjalavörður flutti hádegisfyrirlestur í Safnahúsi í janúar. Forstöðumaður skrifaði ítarlega heimildagrein um starfsemi Borgfirðingafélagsins og var hún birt á heimasíðu Safnahúss auk fyrrnefndarar greinar um Magnús Jónasson í Borgfirðingabók.

Örsýningar – Nálægt Páskum var sett upp örsýning á gamalli páskaútstillingu frá KB og annaðist Halldór Óli Gunnarsson það verkefni. Ýmsar aðrar örsýningar eru í húsinu.

Skjalaskápur keyptur – Nýr skjalaskápur var keyptur fyrir skjalasafnið í marsmánuði og honum komið fyrir í varðveislurými í Safnahúsi.

Útlánareglur – Settar voru nýjar útlánareglur fyrir Listasafn Borgarness og þær birtar á heimasíðu.

Upplýsingagjöf til sveitarstjórnar

Haldnir voru 17 starfsmannafundir á árinu. Var á þeim öllum rituð ítarleg fundargerð sem send var sveitarstjórn og sveitarstjóra strax að fundi loknum. Með þessum hætti eiga sveitarstjórnarmenn auðvelt með að fylgjast með starfseminni og fylgni hennar við stefnu sveitarfélagsins. Hefur þetta fyrirkomulag nú verið í gildi í um ellefu ár og hafa sveitarstjórnarmenn lýst yfir ánægju sinni með það.

Stuðningur myndlistarmanna – í apríl voru nokkrir myndlistarmenn úr héraði með vinnustofu í einn dag í Hallsteinssal og styrktu Safnahús með sölu verka sinna á staðnum.

Umhverfismál – Starfsfólk Safnahúss leggur sitt af mörkum í að draga úr notkun plastpoka. Margnota innkaupapokar eru notaðir og sorp flokkað auk þess sem reynt er að kaupa að sem mestu leyti umhverfisvænar ræstivörur. Starfsmenn koma að öllu jöfnu gangandi/hjólandi til vinnu eða taka strætisvagn.

Skólaheimsóknir – Um 20 skólahópar sóttu Safnahús heim á árinu í safnfræðslu. Flestir voru frá skólastofnunum í héraðinu, en einnig af höfuðborgarsvæðinu svo og erlendis frá. Samtals nutu um 450 börn og ungmenni fræðslu á vegum hússins á árinu og annaðist forstöðumaður móttöku flestra hópanna. Í all nokkrum tilfellum var bekkjum skipt á milli grunnsýninga og bókasafns þar sem héraðsbókavörður fræddi um bækur og bóklestur. Einng var nokkuð um að hópar kæmu eingöngu á bókasafnið og samstarf þess við leikskóla var afar gott. Nánar má sjá um þetta í umfjöllun um bókasafnið síðar í skýrslunni.

Viðurkenning frá Grapevine - Blaðið sendi blaðamann í Safnahús að vorinu og veitti sýningum Safnahúss sérstaka viðurkenningu í framhaldinu. Var henni fylgt eftir með opnugreinum. Var þetta verðmæt kynning og heiður fyrir Borgarbyggð en einnig fyrir Snorra Frey Hilmarsson hönnuð.

Þorsteinn frá Hamri – um nokkurt skeið hefur forstöðumaður verið í sambandi við Ástráð Eysteinnsson prófessor við Háskóla Íslands vegna verkefnis um Þorstein frá Hamri. Í árslok lá fyrir viljayfirlýsing um þátttöku Borgarbyggðar í verkefninu ásamt Forlaginu og Stofnun Árna Magnússonar auk HÍ. Verkefnið er í mótun en er unnið með Borgarnes í huga. Nánar verður fjallað um málið í síðari skýrslum.

Fullveldisdagurinn 1. desember – þann dag var sett inn á heimasíðu hússins safn ættjarðarljóða eftir borgfirski höfunda og var það framlag Safnahúss til hátíðleika dagsins.

Tillögur um safnamál – í lok ágúst 2017 boðaði byggðaráð mögulegar breytingar á starfsemi Safnahúss og var rætt um að fá óháðan fagaðila til að vinna að framtíðarskipan safnamála í Borgarbyggð. Var skipuð nefnd um þessi mál. Starfaði hún með aðstoð ráðgjafa og skilaði álitinu í byrjun febrúar 2018. Var þar gert ráð fyrir flutningi safnanna úr Safnahúsi og dreifingu þeirra á nokkra staði. Í framhaldi varð allnokkur umræða um safnamálin. Að lokum hélt sveitarstjórn íbúafund til kynningar á framkomnum tillögum þann 11. apríl. Eftir það fóru kosningar í hönd og málið var ekki tekið upp á vettvangi nýrrar sveitarstjórnar á árinu.

Pálssafn - Stjórn Pálssafns kom saman til haustfundar 9. október. Rætt var m.a. um viðhaldsmál og öryggismál safnsins auk sýningar á dýrgripum úr eigu þess sem verður í árslok 2019, í tilefni af afmælisári Páls. Ennfremur voru héraðsskjalasafni afhent gögn úr eigu fjölskyldu Páls. Í stjórn safnsins eru auk GJ þau Sigrún Guðmundsdóttir og Sverrir Kristinsson.

Ný stjórn – Nýtt byggðaráð tók til starfa að loknum kosningum í maí og var það eingöngu skipað konum, þeim Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur, Lilju Björg Ágústdóttur og Guðveigu Eyglóardóttur. Áheyrnarfulltrúi í byggðaráði er Magnús Smári Snorrason.

Tökustaður – í desember var kvikmyndagerðarfyrirtækið Pegasus við tækur í á fuglasýningunni vegna myndarinnar Bergmáls undir stjórn Rúnars Rúnarssonar. Hafði Rúnar hrifist af sýningum safnanna þegar hann kom í Safnahús fyrr á árinu.

1.3 Gestafjöldi

1.3.1 Sýningar

Tæplega 7 % aukning varð á gestafjölda í Safnahúsi milli áranna 2017 og 2018. Gestir sem komu á sýningar hússins voru 3.737 talsins og fjölgaði um 149 frá fyrra ári. Einnig fjölgaði á skjalasafni, þangað komu um 190 manns (fjöldi fyrirspurna þess utan), en 152 árið áður. Heimsóknir á bókasafn voru um 6.449 og var það fjölgun um 402 frá 2017. Safnfræðsla var fyrirferðarmikil í starfseminni og komu um 460 nemendur frá ýmsum skólastofnunum í fræðslu á grunnsýningum og á bókasafni). Er þetta afar ánægjuleg þróun og ljóst að Safnahús á sér mikilvægt hlutverk í samfélaginu.

Íslendingar voru 55,44% gesta á sýningar á árinu og 44,56% voru erlendir ferðamenn. Athyglisvert er að mest er um einstaklingskomur að ræða, þ.e. ekki ferðahópa. Niðurstaðan er sú að gestafjöldi á sýningar er nokkuð stöðugur en þó í aukningu.

Hér má sjá tölulegt yfirlit yfir gesti á grunnsýningar/sýningar í Hallsteinssal frá 2011.

ár	Grunn	Hallst	samtals
2018	2.203	1.534	3.737
2017	2.347	1.241	3.588
2016	2.773	1.238	4.011
2015	2.676	1.317	3.993
2014	2.313	940	3.253
2013	3.031	1.196	4.227
2012	1.445	1.183	2.628
2011	1.063	1.018	2.081
	17.851	9.667	27.518

1.3.2. Bókasafn

Athyglisvert er að skoða komur á bókasafn yfir lengra tímabil. Þangað komu 6.449 manns árið 2018 sem er ríflega 400 gestum fleira en árið áður. Er þetta afar ánægjulegt með hliðsjón af aukinni áherslu samfélagsins á læsi og lestur. Árið 2009 fjölgaði heimsóknum og hélst það í hendur við kreppuárin eftir hrun. Rénaði aðsókn nokkuð árið 2013 (6.636 gestir) og gestafjöldi eftir það var eilítið minni frá ári til árs en ekki svo að marktækt gæti heitið. Aukinn gestafjöldi 2018 hvetur til bjartsýni um bókmenningu á tækniöld. Þess má geta að í árslok 2017 tengdist safnið rafbókasafninu en það hefur ekki haft letjandi áhrif á komur:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018
jan	617	600	579	470	503	553
feb	572	510	602	546	472	582
mars	530	620	574	528	658	545
apríl	510	460	511	460	388	455
maí	520	619	479	505	430	478
júní	540	426	555	465	460	565
júlí	578	555	540	523	458	540
ág	575	580	521	560	560	604
sept.	530	602	560	515	505	460
okt.	564	604	588	565	583	636
nóv.	580	570	607	525	528	518
des.	520	589	550	494	502	513
Samt	6.636	6.735	6.666	6.156	6.047	6.449

1.3.3. Skjalasafn

Gestir á skjalasafn voru 190 á árinu, þ.e. þeir sem sóttu safnið heim og er það svipað og undanfarin ár. Fyrirspurnir í síma eða tölvupósti voru hins vegar mun fleiri og má sjá nánar um það hér síðar. Gestir árið 2017 voru 152 talsins svo þarna er um nokkra aukningu að ræða.

1.3.4. Öll söfnin 2018

Á árinu komu alls 10.463 gestir í Safnahús árið 2018 og voru þeir 9.787 árið áður. Þeir voru því tæplega 7% fleiri sem nýttu sér starfsemina með einhverjum hætti á árinu 2018 og er það afar ánægjuleg þróun. Hér á eftir má sjá þróun í gestafjölda allt frá árinu 2011.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
jan	714	679	757	721	644	719	742	818
feb	835	823	797	740	800	699	621	711
mars	854	650	631	740	714	770	1016	780
apríl	654	603	1620	802	1005	835	689	677
maí	1121	948	1291	1071	1138	1066	962	1185
júní	983	1013	1108	800	1097	1150	994	1140
júlí	1074	1068	947	1073	1224	1000	988	1054
ág	983	770	978	1070	1199	1195	1013	1105
sept.	801	813	794	752	877	840	702	715
okt.	722	736	729	896	723	778	785	834
nóv.	1040	1127	763	776	744	651	689	818
des.	649	886	629	721	640	629	588	626
Samt	10.430	10.116	11.044	10.162	10.805	10.332	9.789	10.463

1.4 Fjárhagur

1.4.1 Fjárhagsáætlun og útkoma ársins

Í fjárhagsáætlun ársins 2018 var ráðstöfunarfé kr. 38.734.609 að frádreginni innri leigu sem var áætluð kr. 18.051.060. Alls gerði áætlun ráð fyrir kr. 56.785.669 til rekstrar. Þar af voru laun kr. 31.906.677 og almennur rekstur því 6.827.932, þar af var aukaframlag til kaupa á skjalaskápi kr. 1.150.000 og rauntala var því 5.677.932 kr.

Sambærilegar tölur í fjárhagsáætlun ársins 2017: var ráðstöfunarfé kr. 35.145.881 að frádreginni innri leigu sem var áætluð kr. 18.076.930. Alls gerði áætlun ráð fyrir kr. 53.222.811 til rekstrar. Þar af voru laun kr. 28.962.595 og almennur rekstur því 6.183.286. Að venju fylgdi áætlanagerð í Safnahúsi minnisblað með beiðni um fé vegna lengri opnunartíma bókasafns, almenns starfsmanns fyrir söfnin og kaupa á skjalaskápum fyrir skjalasafnið. Var niðurstaðan að veita heimild til kaupa á einum skjalaskáp en öðrum beiðnum hafnað.

Fjárhagsáætlun hússins stóðst nokkurn veginn í árslok.

1.4.2 Styrkir og þjónustusamningar

Safnahús fékk góða styrki á árinu og voru helstu styrktaraðilar þessir:

Fullveldissjóður (afmælisnefnd) kr. 300.000
 Kaupfélag Borgfirðinga kr. 250.000
 Safnaráð Íslands kr. 1.545.000
 Uppbyggingarsjóður Vesturlands 1.250.000
 Þjóðskjalasafn v/héraðsskjalasafns kr. 855.000

Er ofangreindum þakkað fyrir mikilvægan stuðning. Samtals námu styrkir kr. 4.200.000 sem er um hálfri milljón lægri tala en árið áður (4.792.500), en nokkuð var einnig um að framlög fælust í gripum eða annarri aðstoð.

Tekjur frá nágrannasveitarfélögum, þ.e. Skorradalshreppi og Hvalfjarðarsveit vegna þjónustusamninga (Skorradalshreppur um byggðasafn, náttúrugripasafn, skjalasafn og bókasafn og Hvalfjarðarsveit um Héraðsskjalasafn) námu samtals kr. 1.704.322 og var það eilítil hækkun frá fyrra ári. Eru framlögin m.a. miðuð við íbúatölu.

1.5 Viðhald og endurnýjun húsnæðis og tækja

Á árinu var sett ný hurð á sýningarinnangang á neðri hæð og var það langþráð framkvæmd. Það var Hannes Heiðarsson sem vann verkið. Var dyraumbúnaði nokkuð breytt við þessa aðgerð, þ.e. hurðin opnast nú út en opnaðist áður inn, var þetta gert vegna öryggismála. Sett var þriggja punkta læsing á hurðina, því mætti breyta í framtíðinni því það þarf að vera hægt að ganga út um þessar dyr og læsa á eftir sér. Ennfremur mætti bæta aðgengi fyrir hjólastóla. Ekki fékkst fleira gert í viðhaldsmálum hússins en þetta, en vonast er til að meira verði áætlað af almennu viðhaldi á árinu 2019. Í október tók forstöðumaður saman lista yfir helstu viðhaldsmál á næstu árum og sendi til umsjónarmanns fasteigna, er það gert árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Vísað er í hana með nánari upplýsingar um viðhaldsmál.

1.6 Starfsmannamál

Í Safnahúsi voru í ársbyrjun þrír fastráðnir starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum: Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður, Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður og Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður. Starf munavörðar var áður fyrir hendi (80 % starf) en vegna aðhalds í árslok 2008 var það skorið niður í 50 %. Um mitt ár 2010 sagði þáverandi munavörður upp störfum og fékkst ekki ráðið að nýju í það starf. Tók forstöðumaður við því að mestu en nýtur aðstoðar samstarfsmanna sinna.

Halldór Óli Gunnarsson vann sem verkefnisstjóri frá febrúar til ársloka. Hann vann að ýmsum verkefnum samkvæmt verkefnislýsingu fyrir tilstyrk Uppbyggingarsjóðs og Safnaráðs.

Helga Jóhannsdóttir annaðist ræstingar og sumarstarfsmenn voru Anna Þórhildur Gunnarsdóttir og Sandri Shabansson. Var fengur að störfum þessa hæfa fólks. Hannes Heiðarsson vann að almennum viðhaldsverkefnum og Ásmundur Guðmundsson vann hluta úr árinu á bókasafni og skjalasafni á vegum Fjölskyldusviðs sem hluta af verkefninu atvinna með stuðningi. Ragnheiður Kristófersdóttir frá Gilsbakka starfaði í sjálfböðavinnu

í þágu skjalasafns fram á vorið. Ragnheiður hóf sjálfboðavinnu í Safnahúsi árið 2011, þá tæplega áttræð. Mætti hún yfirleitt fjóra daga vikunnar í fjóra tíma í senn, með frí á sumri og á stórhátíðum. Er þetta afar þakkarvert framlag til samfélagsins.

Starfsmenn í Safnahúsi voru þessir á árinu:

1. Anna Þ. Gunnarsdóttir (sýningarvarsla og sérverkefni)
2. Ásmundur Guðmundsson (ýmis verkefni)
3. Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður
4. Halldór Óli Gunnarsson (sérverkefni fyrir skjala- og náttúrugripasafn)
5. Helga Jóhannsdóttir (ræstingar)
6. Jóhanna Skúladóttir (skjalasafn o.fl.)
7. Ragnheiður Kristófersdóttir (flokkun - sjálfboðavinna)
8. Sandri Shabansson (bókasafn, flokkun/skráning og sýningavarsla)
9. Sævar Ingi Jónsson (bókasafn o.fl.)

Í Safnahúsi er mjög undirmannað og má þar nefna að heimsóknir á bókasafnið eitt eru á bilinu 30-50 manns á dag auk þess sem sýningargestir skipta þúsundum á hverju ári. Brýnt er að mati starfsfólks að auka starfshlutfall hússins, bæði vegna bakvinnsluverkefna og þeirrar óskastöðu að geta haft bókasafnið meira opið, s.s. um helgar svo foreldrar geti sótt það heim ásamt börnum sínum.

1.7 Stjórnsýslufyrirkomulag

Síðan Borgarfjarðarstofa var lögð niður árið 2013 hafa málefni Safnahúss heyrt beint undir byggðaráð. Safnahús fór að heyra undir eitt sveitarfélag í ársbyrjun 2007 (var áður byggðasamlag) og hafa málefni þess síðan þá fallið undir 4 nefndir: Menningarnefnd, Tólstunda- og menningarnefnd, Borgarfjarðarstofu og byggðaráð. Það er nefnd menningarmála hverju sinni sem hefur með Safnahús að gera. Á árinu var umræða meðal sveitarstjórnarmanna um að færa menningarmál undir nýja nefnd sem einnig hefði með markaðs- og atvinnumál að gera. Það yrði þá svipað fyrirkomulag og var fyrir um tíu árum og kemst væntanlega til framkvæmda á árinu 2019.

1.8 Kynningarmál

Starfsemin fékk reglulega umfjöllun í héraðsmiðlum, s.s. Íbúanum og Skessuhorninu. Mikið var birt af fréttum á heimasíðum Safnahúss og Borgarbyggðar auk þess sem tölvupóstfangalistar voru notaðir til markaðssetningar. Facebook síða hússins var mikið notuð en þar eru um 1300 „vinir“ og bættust um 160 við á árinu. Auglýst var í Skessuhorni og Íbúanum auk bókarinnar „Á ferð um Ísland“ og bæklinga Ferðabjónustu bænda. Einnig var auglýst í sameiginlegum auglýsingum safna, s.s. vegna Safnadagsins í maí og í samlesnum auglýsingum RÚV. Auglýst var í Safnabókinni sem bæði kemur út á íslensku og ensku. Ennfremur var veggspjöldum og bæklingum dreift til ferðabjónustuaðila á nærsvæði. Grunnkýninga hússins er nú getið í nokkrum alþjóðlegum ferðabæklingum og er það merkjanlegt í komum einstaklinga erlendis frá. Sérstök umfjöllun var um grunnkýningar Safnahúss í myndbandi sem sýnt er á öllum áætlunarleiðum Ícelandair. Á árinu fékkst sérstök viðurkenning Grapevine til handa grunnkýninganna Börn í 100 ár og Ævintýri fuglanna. Bláðið birti af þessu tilefni í tvígang heilsíðu umfjöllun um sýningarnar og var af því öflug kynning til erlendra ferðamanna.

1.9 Vörslumál

Munir og gögn safnanna eru nú geymd á þremur stöðum, í geymsluhúsnæði við Sólbakka, á háalofti Safnahúss og í fyrrum sláturhúsi í Brákarey (grófari munir, ókynt húsnæði). Rýmið á Sólbakka styður vel við faglega hlið safnastarfsins. Húsnæðið í Brákarey er hins vegar ekki fullnægjandi en þó var þar komið fyrir innbrots- reyk- og lekavörum í árslok 2015 og eru þeir tengdir við Securitas. Árið 2016 var fermetrafjöldinn sem Safnahús nýtir í Brákarey minnkaður um u.þ.b. 40 fm til að losa lagnarými þar sem óttast var um öryggi safngripa. Við sama tækifæri fór fram endurskipulagning og tilfærslur gripa. Á árinu kom fram leki innst í geymslum í Brákarey vegna brostinnar vatnslagnar en af því urðu ekki skemmdir því gripir stóðu á brettum. Varð vart við lekann áður en lekavari nam hann því vatn komst niður á næstu hæð.

1.10 Rannsóknir og skrif

Rannsóknir hljóta alltaf að vera nauðsynlegur hluti af starfsemi safna. Mikið vannst á þeim vettvangi á öllum fagsviðum og sérstaklega var mikil heimildavinna unnin í tengslum við uppsetningu sýninga. Gott dæmi um það er sýning um Hvítárbrúna sem sett var upp á árinu. Við vinnslu þess verkefnis safnaðist mikið af heimildum sem verða eftir í Héraðsskjalasafni við sýningarlok (mars 2019). Á árinu var lokið við ritrýnda grein um Listasafn Borgarness fyrir Háskóla Íslands og greinargerðir um fólk og byggingar voru settar inn á heimasíðu Safnahúss. Grein var skrifuð í Borgfirðingabók um Magnús Jónasson bílstjóra vegna sýningar sem sett var upp um hann í samvinnu við fjölskyldu hans. Mikil rannsóknavinna lá að baki vali á ættjarðarljóðum sem flutt voru í verkefninu Að vera skáld og skapa, í samstarfi við Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Rannsóknir við söfnin eru ekki skilgreindar sem stöðugildi en er sinnt í tengslum við verkefni eftir bestu föngum.

1.11 Öryggismál

Á Bjarnarbraut er leka- og brunavarnarbúnaður, tengdur viðvörunarkerfi Securitas (Pálssafn, skjalasafn, sýningarsalir, geymslu loft og bókasafn). Hreyfiskynjarar eru við innganga og brunaútgangar eru merktir og tryggðir. Rýmingaráætlun er fyrir hendi og Slökkvilið Borgarbyggðar er með lykil að byggingunni. Á Sólbakka er einnig öryggiskerfi auk þess sem Slökkvilið hefur eftirlit með húsnæðinu. Ekki eru fyrir hendi slökkvitæki á Sólbakka eða í Brákarey. Er brýnt að bæta úr þeirri vöntun og er málið hjá umhverfis- og skipulagssviði Borgarbyggðar. Á árinu voru slökkvitæki á Bjarnarbraut yfirfarin og áfyllt. Vinnueftirlitið skoðaði húsið á Bjarnarbraut á árinu og er hvað það varðar vísað í umsögn þeirra sem send var til umhverfis- og skipulagssviðs. Safnahús hefur starfsleyfi og nýtur viðurkenningar Safnaráðs Íslands.

1.12 Þakkir

Starfsemi Safnahúss hefur notið mikillar velvildar á árinu, ýmist í formi upplýsingagjafar frá fólki eða fræðistarfa, gjafa, góðra óska og hlýhugar. Er þetta verðmætt söfnunum sem gegna í því ábyrgðarhlutverki að varðveita og miðla sögu héraðsins.

Eru sveitarstjórn færðar bestu þakkir fyrir þá sýn á gildi vandaðs safnastarfs sem kemur fram í menningarstefnu sveitarfélagsins, leiðarljósi starfseminnar.

2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Sævar Ingi Jónsson, héraðsbókavörður

2.1 Lánþegafjöldi, útlánatölur og safnkostur

Lánþegar í árslok voru 443. Heildarfjöldi skráðra eintaka í Gegni (samskrá íslenskra bókasafna) voru 47.557 eintök, við það bætist stór hluti tímaritasafns í geymslurými og nokkur hluti sérsafna. Heildarútlán ársins voru 12.593 eintök sem er örlítil aukning frá fyrra ári.

Útlán helstu efnisþátta á árinu 2018:

Bækur	11118
Hljóðbækur	295
DVD/VHS	157
Tímaritshefti	970

Síðasta ár var fyrsta heila árið sem Rafbókasafn stóð lánþegum Héraðsbókasafns Borgarfjarðar til boða sem góð viðbót við safnkostinn. Átta lánþegar Héraðsbókasafns nýttu sér rafbókasafn og samtals tóku þeir 112 bækur að láni úr rafbókasafni. Það virðast í fljótu bragði séð vera svipaðar notkunartölur og hjá sambærilegum dreifbýlissöfnum.

Á árinu var unnið áfram í endurskoðun á safnkostinum, einkum aukaeintakaeign þess. Við þá vinnu og önnur störf á árinu störfuðu eins og árið á undan Ásmundur Guðmundsson að vetrinum og Sandri Shabansson að sumrinu. Þá var hluti Íþróttabókasafns Bjarna Bachmann skráður í Gegni, það efni sem sýnilegt er í hillum skápsins sem hýsir safnið en eftir er að skrá efni í lokuðum skápum.

2.2 Helstu verkefni

2.2.1. Sumarlestur

Sumarlestur var að sjálfsögðu á sínum stað eins og árin á undan. Í ár urðu þau sögulegu tíðindi að Elín Elísabet Einarsdóttir lét af störfum sem höfundur einkennismyndar lestursins en hún hafði teiknað frá því sumarlestur hófst árið 2008. Ragnheiður Guðrún Jóhannesdóttir tók við keflinu og skilaði ljómandi góðu verki. Þátttaka í sumarlestri var svipuð og árið á undan með uppskeruhátíð á sínum stað í lok sumars. Yngsti bekkur grunnskólans í Borgarnesi kom á kynningu á verkefninu áður en skóla lauk að vorinu.

2.2.2. Önnur þjónusta og verkefni

Dagur bókasafnanna var haldinn hátíðlegur á söfnum landsins þann 8. september. Héraðsbókavörður fór þann dag á leikskólann Klettaborg og færði nýjum nemendum bókasafnsskírteini að gjöf, sum börnin nýttu svo sitt nýja kort strax á næstu dögum á eftir og komu á bókasafnið ásamt foreldrum sínum.

Þó nokkrar nemendaheimsóknir voru á árinu, í grunn- og leikskólaheimsóknum er spjallað um bækur og oft valin bók við hæfi hvers og eins til að taka með heim. Menntaskólanemar komu einnig á safnið í kennslustundum sínum og má þar nefna að unninn voru verkefni í fornbókmenntum annarsvegar og spænsku hinsvegar. Í báðum tilfellum kom

héraðsbókavörður að undirbúningi með völdum bókum og bókalistum yfir bækur sem til voru á safninu.

Einnig voru settar upp ýmsar bókaústillingar á árinu, má þar nefna sérstakan rekka tileinkaðan íslenska landsliðinu í fótbolta á meðan á HM í Rússlandi stóð. Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember var stillt upp bókum þeirra aðila sem fengið höfðu viðurkenningu þennan dag í gegnum tíðina fyrir störf sín í þágu tungumálsins.

Nýjum nöfnum var bætt við í verkefninu borgfirskir höfundar á árinu.

Þá er ótalin ýmis þjónusta önnur og smáverkefni í tengslum við þjónustu við gesti safnsins og vinnu við safnkostinn sjálfan.

Á árinu hóf Héraðsbókasafn að nota margnota taupoka sem unnir hafa verið í félagsstarfi aldraðra í Brákarhlíð. Hefur það mælst vel fyrir og dæmi um að lánþegar noti sama pokann í hvívetna en aðrir skila sínum inn að notkun lokinni þannig að næsti lánþegi geti fengið hann. Þetta er að sjálfsögðu liður í þeirri stefnu sveitarfélagsins að minnka plastpokanotkun.

2.2.3. Ferðir og fundir

Sævar Ingi sótti vorfund SFA (Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna) í Reykjavík í apríl en samtökin halda jafnan fund sinn að hausti og vori, vorfundur er yfirleitt tveggja daga en haustfundur deginum styttri.

Landsþing Upplýsingar var haldið í Hörpu í Reykjavík dagana 25.-26.okt. og var Sævar Ingi meðal þátttakenda en landsþingið er haldið annað hvert ár. Í ár var yfirskrift þess *fólk, tækni, nými*.

Sævar Ingi sótti einnig námskeið á vegum Landskerfis sem haldið var á Akranesi 5. október. Yfirskrift námskeiðsins var *Hvað er að fréttu* og var þar farið í gegnum ýmislegt er varðar Gegni, m.a. fréttir af nýju bókasafnskerfi sem er í burðarliðnum.

2.3 Gjafir til handa Héraðsbókasafni á árinu 2018

Á árinu þáði Héraðsbókasafn með þökkum fjölmargar bókagjafir með þeim skilmálum sem fyrr að mega ráðstafa því sem safnið hefur ekki not fyrir hverju sinni. Í sumum tilfellum var ekki hægt að þiggja það efni sem bauðst. Á árinu var uppi söluborð í anddyri bókasafns þar sem bækur voru seldar á einu verði, 500 kr. en veittur sérstakur magnafsláttur. Listinn sem hér fer á eftir er birtur með þeim fyrirvara að einhverjir gefendur hafi orðið útundan í upptalningunni. Öllum gefendum sem og þeim sem sendu inn fyrirspurnir vegna hugsanlegra gjafa er þökkuð hugulsemin.

- 1. feb. Halla Guðmundsdóttir, Dalsmynni, gefur fyrir hönd Laugargerðisskóla gamlar barnabækur.
- 23. mars. Þröstur Reynisson, Leirulækjarseli, gefur töluvert magn af Disneysrþum, við gjöfina er svo bætt í júnímánuði. Þetta er kærkomin gjöf og gott að geta skipt út slitnum eintökum en syrþurnar eru afar vinsælar í útláni.
- 15. mars. Sigrún Elíasdóttir, Ferjubakka, gefur íslenskar og enskar barnabækur.
- 6. apríl. Halldór Óli Gunnarsson og fjölskylda, Borgarnesi, gefa bækur við flutninga, einkum ljóðabækur.
- 7. maí. Ingibjörg Jónsdóttir og Kjartan Jarlsson, Hafnarfirði, gefa erlendar bækur og blöð.
- 17. maí. Eygló Lúðvíksdóttir og Andrés Eyjólfsson, Síðumúla, gefa talsvert magn bóka, einkum eldri og nýrri kiljuútgáfur en einnig harðspjalda bækur ýmissa efnisflokka. Þau bæta svo við gjöfina í júnímánuði.
- 31. maí. Svanhildur Skarphéðinsdóttir, Borgarnesi, gefur tvær nýlegar bækur í kiljuútgáfu.
- 3. júní. Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, Kvíaholti, gefur nokkra árganga af Eldhúsbókinni.
- 7. júní. Vigdís Pálsdóttir, Borgarnesi, gefur töluvert magn af DVD myndum, með ensku og íslensku tali.
- 8. júní. Arndís Stefánsdóttir, Borgarnesi, gefur tvær bækur og 100 ára gamalt eintak af Lögbergi.
- 8. júní. Vigdís Pálsdóttir, Borgarnesi, gefur nokkuð úrval fjölbreyttra listaverkabóka.
- 12. júní. Ágúst Gunnarsson, Reykjavík, gefur nokkuð magn barnabóka bæði nýrri sem eldri.
- 15. júní. Brynjúlfur Sæmundsson, Reykjavík, gefur bækur, einkum ljóðabækur og fræðibækur ýmisskonar.
- 25. júní. Anna Baldrún Garðarsdóttir, Hvanneyri, gefur þrjár af matreiðslubókum Hagkaupa.
- 5. september. Helga Zoëga, Reykjavík, gefur safninu bækur og tímarit úr safni Kristjáns Guðmundssonar frá Indriðastöðum í Skorradal. Um er að ræða gamlar og heldur fáséðar bækur.
- 15. september. Erla Gunnlaugsdóttir, Laugalandi, gefur nokkrar gamlar bækur sem ekki voru hér fyrir.

Við listann má bæta að Bókasafn Akraness gefur oft aukaeintök sem þau geta ekki notað og vantar inn í safnkost Héraðsbókasafns. Er það merki um gott samstarf safnanna á milli.

3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Jóhanna Skúladóttir, héraðsskjalavörður

3.1 Almennt

Safnið er héraðsskjalasafn Borgarbyggðar og er einnig með þjónustusamning við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp. Safnið starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt um Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar 2011. Það er eitt af fimm söfnum sem eru með sameiginlega aðstöðu í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Afgreiðslutími skjalasafnsins er frá klukkan 9.00 – 16.00 alla virka daga og hægt er að sitja í lestrarsal Safnahússins til kl. 18.00.

Umsjón skjalasafnsins er í höndum Jóhönnu Skúladóttur héraðsskjalavardar. Halldór Óli Gunnarsson vann í þrjá mánuði við að setja ljósmyndir inn á gagnagrunninn Sarp. Ásmundur Guðmundsson skannar ljósmyndir eftir hádegisdaga tvo til þrjá daga í viku. Anna Þórhildur Grönfeldt Gunnarsdóttir og Sandri Shabanson, sumarstarfsmenn Safnahússins voru í hlutastarfi við að skanna skjöl og ljósmyndir fyrir safnið. Anna setti einnig ljósmyndir inn á gagnagrunninn Sarp. Fyrri hluta ársins var Ragnheiður Kristófersdóttir í sjálfboðavinnu við flokkun og skráningu ljósmynda og skjala.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsemi héraðsskjalasafna við hina stafrænu byltingu. Notkun skýja, varðveisla rafræna gagnagrunna og skjalavörslukerfa krefjast nýrra og breyttra vinnubragða allra sem sýsla við skjöl.

Ný reglugerð um héraðsskjalasöfn búið að vera í vinnslu hjá menntamálaráðuneyti síðan frá 2017 en frá útkomu hennar munu sveitarfélögin líklega fá þrjú ár til að uppfylla þær kröfur sem þar munu koma fram til þess að reka áfram héraðsskjalasöfn. Stærsti þátturinn þar mun verða hvernig héraðsskjalasöfnin geti tekist á við langtíma varðveislu rafræna skjala en einungis Þjóðskjalasafn Íslands hefur komið sér upp búnaði til þess enn sem komið er.

Í lok ársins kom út eftirlitsskýrsla sem Þjóðskjalasafn Íslands lét gera um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar árið 2017 og komu fram þar athugasemdir sem snúa t.d. að því að skilaskyldir aðilar safnsins eru ekki með samþykktar skjalavistunaráætlanir og málalýkla. Er gefinn frestur til í október 2019 til að skila inn áætlun safnsins til að bregðast við ábendingum þeim sem fram komu í skýrslunni.

3.2 Skjalavarsla og þjónusta

Hefðbundin starfsemi skjalasafnsins fólst í afgreiðslu fyrirspurna, skjalaskráningu, móttöku afhendinga og því að veita aðgang að skjölum á lestrarsal, auk ráðgjafar og samskipta við skilaskylda aðila en þau voru mikil á árinu. Afhendingar til skjalasafnsins voru 75 á árinu en voru 48 í fyrra. Aðfangaskrá safnsins og skjalaskrá eru skráðar í FileMaker Pro 16 gagnagrunn. Ekki hefur náðst að skrá öll aðföng svo að vel sé í skjalaskrár og bíður það betri tíma en í afhendingaskrá er skráð strax við komuna.

Nokkrar stórar afhendingar bárust á árinu og reyndust þær samtals fylla 30,55 hillumetra. Til samanburðar komu á árinu 2017 alls 4 hillumetrar af skjölum. Væntanlegar eru stórar

afhendingar frá skilaskyldum aðilum en samkvæmt lögum ber þeim að skila inn á skjalasafnið gögnum eldri en 30 ára.

Gögn skjalasafnsins eru varðveitt í skjalageymslu að Bjarnarbraut og bættist við í hana einn nýr skjalaskápur á árinu og er þá aðeins rúm fyrir tvo skápa til viðbótar. Hver skjalaskápur tekur 70 hillumetra af skjölum. Talsvert af skjölum safnsins eru einnig varðveitt í geymslu Safnahúss á Sólbakka 13 - 15. Einu rafrænu gögnin sem skjalasafnið tekur á móti enn sem komið er eru skannaðar ljósmyndir og eru þær varðveittar í tvennskonað skráarsniði, tif og jpg. Með daglegum störfum, afgreiðslu á fyrirspurnum og fleiru er unnið jafnt og þétt að því að nýskrá og endurbæta skráningar á eldri skjölum til að gera þau aðgengilegri og til að bæta umbúnað þeirra.

Skráðar gestakomur á skjalasafnið árið 2018 voru 190 og eru það fleiri en árið 2017 en þá voru skráðar gestakomur með afhendingar og á lessal 152. Skráðar fyrirspurnir voru 240 en voru 198 í fyrra. Til fróðleiks var skoðað kynjahlutfall þeirra sem leituðu til safnsins og reyndust konurnar vera fleiri eða 130 á móti 110 körlum. Á árinu voru blöð úr safni Þorsteins Jakobssonar lánuð í millisafnaláni til Snorrastofu vegna sýningar um fullveldisárið 1918 og bréf skrifuð af Brynjólfi Jónssyni Minna Núpi lánuð til rannsóknar í Handritadeild Landsbókasafns. Fengnar voru nokkrar ljósmyndir úr safnkostinum til að nota í sjónvarpsseríunni Valhalla á vegum True North en hluti hennar verður tekinn upp í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Einnig voru fengnar ljósmyndir af húsum Kaupfélags Borgfirðinga til að nota á sýningu á Bifröst vegna 100 ára afmælis skólans. Kvenréttindafélag Íslands fékk ljósmyndir af vinnandi konum til að láta birtast á skjá á Arnarhóli á kvennafrídaginn 24. október og Landbúnaðarsafn Íslands og Kvenfélagið 19. júní á Hvanneyri fengu heimildir og ljósmyndir fyrir sýninguna Konur í landbúnaði í 100 ár. Er ánægjulegt til þess að vita hve mikið er leitað í heimildir á skjalasafninu.

3.3 Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir

Héraðsskjalavörður átti ekki heimangengt á vörfund opinberra skjalasafna sem haldinn var í Reykjavík 12. – 13. apríl 2018 en tók þátt í fundinum í gegnum netið. Á dagskrá fundarins var umræða um hvernig væri réttlátast að skipta niður rekstarstyrk ríkisins til safnanna, rætt var um langtíma varðveislu rafrænna gagna, með hvaða hætti opinberu söfnin geti best sinnt ráðgjöf til skjalamyndara og fl.

Dagana 23. – 26. maí voru norrænu skjaladagarnir haldnir í 25. sinn og að þessu sinni í Reykjavík. Þátttakendur voru um 300 frá öllum Norðurlöndunum og var þar fjallað um margvísleg málefni sem eru efst á baugi hjá norrænu skjalasöfnunum.

Dagana 23. – 27. september brugðu 14 skjalaverðir frá 7 héraðsskjalasöfnum sér út fyrir landsteinana og heimsóttu Þjóðskjalasafn Skotlands og Historic Environment Scotland en stofnanirnar eru báðar í Edinborg. Er skemmst frá að segja að tekið var prýðisvel á móti okkur með góðri dagskrá með kynningu á starfsemi stofnananna. Var ferðin vel heppnuð og lærdómsrík í alla staði.

Héraðsskjalavörður tók þátt í starfi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi og var 8. ráðstefna félagsins haldin á Sauðárkróki 4. - 5. október 2018. Meðal umfjöllunarefna þar var varðveisla og höfundarréttur ljósmynda, nýja persónuverndarlöggjöfin og gerð vinnsluskraa. Ráðstefnur þessar hafa verið mjög gagnlegar fyrir starfsmenn safnanna en þau eru fámennar stofnanir og því gott að ræða sameiginleg verkefni og læra hvert af öðru. Stefnt er að því að næsta ráðstefna félagsins verði haldin á haustmánuðum 2019 í Borgarnesi.

3.4 Sýningar og miðlun

Héraðsskjalavörður heimsótti Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð tvisvar á árinu, í fyrra skiptið með fyrirlesturinn Straumlaust á Mýrum og í síðara skiptið með sýningu á myndum úr safni Júlíusar Axelssonar. Júlíus var fyrrum heimilismaður í Brákarhlíð og hafði ráðstafaði því þannig að Héraðsskjalasafnið fengi ljósmyndasafn hans að honum látnum.

Haldið var upp á norræna skjaladaginn laugardaginn 10. nóvember 2018. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin voru með sameiginlegan skjaladagsvef að venju, skjaladagur.is. Yfirskrift skjaladagsins var að þessu sinni „Litbrigði lífsins á fullveldisárinu 1918“. Framlag Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar var ferðasaga tveggja Álfthreppinga, Friðjóns Jónssonar á Hofstöðum og Helga Ásgeirssonar í Knarrarnesi en þeir fóru landveg til að heimsækja skyldfólk á Húsavík sumarið 1918. Einnig var sýnd ljósmynd af átta Borgfirðingum sem íslensk stjórnvöld réðu til að rækta kartöflur á Garðskaga sumarið 1918. Því miður tókst ræktunin ekki sem skyldi því bæði var útsæðið og tíðarfarið slæmt. Á skjaladeginum var sýningin Hvítárbrúin 90 ára opin í Safnahúsinu og tók höfundur hennar, Helgi Bjarnason á móti sýningargestum.

Skjalasafnið er með sýningar á ljósmyndum á sarpur.is og eru þar komnar inn 3678 ljósmyndir. Einnig er eldri ljósmyndavefur Héraðsskjalasafnsins aðgengilegur á heimasíðu Safnahúss og eru þar 3933 ljósmyndir. Kveðskapur úr safnkostinum er á vísnavefnum bragi.info/borg. Ekki gafst tími til að bæta við meira efni inn á vísnavefinn á árinu. Héraðsskjalasafnið er einnig með Facebooksíðu þar sem fólk er t.d. beðið að þekkja myndir og hefur það borið góðan árangur. Haldnir voru sex myndgreiningarfundir á árinu og hefur nokkur hópur fólks mætt og hjálpað til við að greina ljósmyndir safnsins. Héraðsskjalasafnið er aðili að vefnum einkaskjalasafn.is sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn á landinu og er í samstarfi þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafnanna og Landsbókasafns-Háskólabókasafns og er liður í að bæta aðgengi að heimildaflokknum. Einnig eru skjalaskrár birtar á heimasíðu Safnahúss en ekki hefur unnist tími til að bæta við þær neitt að ráði á árinu.

3.5 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2018

2018/1 Þórdís Sigurbjörnsdóttir Hrísum. Sýningarskrár og pöntunarlistar 1956-1971. Þórdís Sigurbjörnsdóttir afhenti. 0,02 hillumetri.

2018/2 Arnheiður Andrésdóttir frá Borgarnesi. Ljósmyndir frá skólaárunum í Borgarnesi og frá nemendaendurfundum. Arnheiður Andrésdóttir afhenti. 0,03 hillumetri.

2018/3 Sigurður Fjeldsted Ferjukoti. Yfirlýsing 1934. Guðrún Fjeldsted afhenti. 0,03 hillumetri.

2018/4 Jónína Sveinsdóttir. Skjöl er varða Beitistaði í Leirársveit 1917-1941. Ingveldur Sverrisdóttir afhenti. 0,04 hillumetri.

2018/5 Björn Jakobsson frá Varmalæk. Söguþættir, bréf, kveðskapur og ljósmyndir. Myndverk eftir Guðnýju Kristleifsdóttur. Birna Jakobsdóttir afhenti. 0,48 hillumetri.

2018/6 Þórður Kristleifsson frá Stóra Kroppi. Einkunnir, jólakort, bréf og ljósmyndir 1906-1997. Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli afhenti. 0,08 hillumetri.

2018/7 Hálsahreppur. Tvö bréf frá Guðmundi Eyjólfssyni 1936. Þorsteinn Þorsteinsson afhenti. 0,03 hillumetri.

2018/8 Þórdís Sigurbjörnsdóttir Hrísum. Auglýsingar úr héraði 1998-2016. Þórdís Sigurbjörnsdóttir afhenti. 0,01 hillumetri.

2018/9 Júlíus Axelsson Borgarnesi. Ljósmyndir og dagbækur. Bjarki Þorsteinsson afhenti. 1,50 hillumetri.

2018/10 Vatnsveitufélag Borgarness. Fundargerðir og reikningar úr fórum Bjarna Guðjónssonar. Ingibjörg Hargrave afhenti. 0,05 hillumetri.

2018/11 Hollvinasamtök Englendingavíkur. Styrkumsóknir, styrkir og reikningar samtakanna. Ingibjörg Hargrave afhenti. 0,03 hillumetri.

2018/12 Þorsteinn Þorsteinsson Húsafelli. Ræða Þorsteins Magnússonar á Húsafelli flutt á Búnaðarþingi um aldamót, samantekt um Magnús á Vilmundarstöðum og syni hans. Samantekt um bændur í Hálsasveit frá 1680-1970 og fl. Þorsteinn Þorsteinsson afhenti. 0,03 hillumetri.

2018/13 Ingibjörg Hargrave Borgarnesi. Glymur, blað frá skátamóti í Botnsdal 1957. Marbendill, blað frá skátamóti við Hreðavatn 1966. Um Leikfélag Borgarness eftir Fríðu og Freyju. Sýningarskrár, dagskrár og fl. Ingibjörg Hargrave afhenti. 0,05 hillumetri.

2018/14 Freyja Bjarnadóttir Borgarnesi. Ýmis gögn frá störfum hennar að leiklistar- og félagsstarfsemi. Ingibjörg Hargrave afhenti. 0,08 hillumetri.

2018/15 Jónas Magnússon Reykjavík. Húsbílafréttir 1994. Borghildur Jósúadóttir afhenti. 0,02 hillumetri.

2018/16 Ólafur Guðjónsson Litla Skarði. Fjórar ljósmyndir. Dóra Sigurðardóttir afhenti. 0,05 hillumetri.

2018/17 Ræktunarsamband Þverárþings. Reikningabók 1974-1994. Brynjólfur Guðmundsson afhenti. 0,03 hillumetri.

2018/18 Sorpurðun Vesturlands. Bókhald og skýrsla um starfsemina 2017. Hrefna Jónsdóttir afhenti. 0,01 hillumetri.

2018/19 Hrossaræktarsamband Vesturlands. Fundargerðir 1996-2004. Hrefna B. Jónsdóttir afhenti. 0,07 hillumetri.

2018/20 Þorkell Sigurðsson frá Kolsstöðum. Bréf, fróðleikur og ljósmyndir sem tengjast Hvítársíðu og Kolsstöðum 1884-2014. Ögmundur Runólfsson afhenti. 0,11 hillumetri.

2018/21 Ásbjörg Guðný Jónsdóttir og Jón Bjarni Magnússon Sigmundarstöðum. Hjónavígslubréf, afsöl vegna Sigmundarstaða í Þverárhlíð, kaupsamningur vegna Laugarbrautar 13 Akranesi 1934-2001. Sigurður Oddsson afhenti. 0,03 hillumetri.

- 2018/22 Helgi Bjarnason frá Laugalandi. Fyrirlestur Helga um íþróttamót Borgfirðinga haldin á Hvítárbakka og Ferjukotsbökkum og sundkeppni í Hvítá og Norðurá. Helgi Bjarnason afhenti. 0,01 hillumetri.
- 2018/23 Þórður Jónsson Mófellsstöðum. Ljósmynd í ramma af Þórði ungum. Karólína Sif Ísleifsdóttir afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/24 Guðjón Kjartansson Flóðatanga. Reikningsnóta frá Sigurði B. Runólfssyni. Margrét Ingadóttir afhenti. 0,01 hillumetri.
- 2018/25 Byggingarfulltrúi Snæfellsness- og Borgarfjarðarsýslu. Fundargerðir, bréf, fjármál og bókhald og teikningar 1989-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 2 hillumetrar.
- 2018/26 Grundartangahöfn. Bréfasafn, samningar og skjöl 1997-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 0,16 hillumetri.
- 2018/27 Heiðarskóli. Fundargerðir, bréf, fjármál og bókhald, nemendur, útgefið eigið efni. Starfsmannamál. Hitaveita Heiðarskóla. 1958-2010. Skúli Þórðarson afhenti. 2,08 hillumetrar.
- 2018/28 Hvalfjarðarstrandarhreppur. Fundargerðir, bréfasafn og bókhald 1947-2007. Skúli Þórðarson afhenti. 3,2 hillumetrar.
- 2018/29 Innri-Akraneshreppur. Fundargerðir, bréfasafn, bókhald, kjörskrár, brunavirðingar 1888-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 4,6 hillumetrar.
- 2018/30 Leikskólinn Fannahlíð/Skýjaborg. Bréfasafn, fundargerðir, bókhald 1996-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 0,9 hillumetri.
- 2018/31 Leirár- og Melahreppur. Lánamál, félagsmálanefnd 1996-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 0,24 hillumetri.
- 2018/32 Norðurál. Bréfasafn og samningar 1997-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 0,48 hillumetri.
- 2018/33 Skilmannahreppur. Fundargerðir, bréf, fjármál og bókhald. Búsetusjóður Skilmannahrepps, útgefið efni, kjörgögn. 1944-2009. Skúli Þórðarson afhenti. 1,84 hillumetrar.
- 2018/34 Spölur. Bréf, ársreikningar, skýrslur og kynningarefni 1995-2003. Skúli Þórðarson afhenti. 0,08 hillumetri.
- 2018/35 Sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar. Sameiginleg mál, fundargerðir, bréfasafn, samningar, afsöl, skuldabréf og skýrslur 1974-2006. Skúli Þórðarson afhenti. 0,58 hillumetri.
- 2018/36 Ungmennafélagið Þrestir. Fylgiskjöl bókhalds 1978-1984. Skúli Þórðarson afhenti. 0,08 hillumetri.
- 2018/37 Ungmennasamband Borgarfjarðar. Skuldabréf vegna byggingar íþróttavallar á Varmalandi 1962. Skúli Þórðarson afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/38 Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundargerðir og ályktanir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2000-2017. Hrefna B. Jónsdóttir afhenti. 0,08 hillumetri.
- 2018/39 Rebekka Þíðriksdóttir Borgarnesi. Einkunnir frá Flensborgarskóla 1912. Rebekka Þíðriksdóttir yngri afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/40 Hólmfríður Árnadóttir. Skjöl og ljósmyndir sem tengjast Jónasi Jónassyni og Ingibjörgu Loftsdóttur og börnum, Bjargarsteini og víðar. Hólmfríður Árnadóttir afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/41 Sævar Ingi Jónsson. Bæklingar framboða í Hvalfjarðarsveit við sveitarstjórnarkosningarnar 2018. Sævar Ingi Jónsson afhenti. 0,01 hillumetri.
- 2018/42 Guðrún Elísabet Þórðardóttir. Ljósmyndir m. a. frá Hvítárbakkaskóla og Kanada. Þórdís Árnadóttir afhenti. 0,05 hillumetri.

- 2018/43 Þráinn Kristinsson. Ljósmyndir flestar teknar af Sólveigu Sumarrós Þorfinnsdóttur og Kristni Jónssyni frá Gunnlaugsstöðum Staðholtstungum, m. a. myndir frá Síðumúla Hvítársíðu og Gunnlaugsstöðum. Þráinn Kristinsson afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/44 Þuríður Þórarinsdóttir frá Borgarnesi. Ljósmyndir af ættingjum og fl. Minningarkort og hjónavígsluvottorð. Sigrún Þorgrímsdóttir afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/45 Borgfirðingafélagið í Reykjavík. Gögn er varða félagið úr fórum Þórarins Ólafssonar skósmiðs. Sigrún Þorgrímsdóttir afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/46 Steinþór Grönfeldt. 5 ljósmyndir úr búi ömmu hans, Þóru Þórleifsdóttur Grönfeldt. Steinþór Grönfeldt afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/47 Helga Áslaug Þórarinsdóttir. Póstkort og ljósmyndir frá foreldrum Helgu, þeim Þórnari Magnússyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur. 0,03 hillumetri.
- 2018/48 Sparisjóður Mýrasýslu. Ljósmyndir af starfsfólki Sparisjóðsins, önnur tekin í lok 9. áratugarins, hin 1999. Lilja S. Guðmundsdóttir afhenti. 0,02 hillumetri.
- 2018/49 Borgfirðingafélagið í Reykjavík. Kodascope sound projector sýningarvél með spennubreyti ásamt spólum. Þráinn Kristinsson afhenti. 0,4 hillumetri.
- 2018/50 Hestamannafélagið Skuggi. Rafmagnsteikning fyrir hesthúsahverfið á Hamri og húsmælingaskrá 1973-1978. Guðmundur Arason afhenti. 0,01 hillumetri.
- 2018/51 Gissur Breiðdal og Jenný Skarphéðinsdóttir. Skjöl er varða húseignina Þórólfsstötu 3 Borgarnesi og Litla ferðaklúbbinn í Borgarnesi. 1929-1994. Stefanía Gissurardóttir afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/52 Guðný Kristleifsdóttir Stóra Kroppi. Minnisbók með uppskrifuðum málsháttum, skritlum, gátum og vísam. 1916-1932. Þorsteinn Þorsteinsson afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/53 Brákarbraut 13, Borgarnesi. Bréf og kort til Björns Franklins Jónssonar. Minnisbók um bókhald vegna skóviðgerða, og í henni eru nokkrar vísur. Bókin gæti verið úr eigu Stefáns Ólafssonar skósmiðs. Gögnin fundust við viðgerð á húsinu. 1933-1952. Birna Jakobsdóttir afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/54 Syðstu Garðar Kolbeinsstaðahreppi. Landamerki, afsöl, lánaskjöl, virðingaskjöl og fleira viðkomandi búskap á Syðstu Görðum 1921-1989. Gunnhildur Halldórsdóttir afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/55 Ólöf Guðmundsdóttir Hundastapa. Ljósmyndir af bænum á Hömrum í Hraunhreppi eftir að hann fór í eyði. Ólöf Guðmundsdóttir afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/56 Leikskólinn Klettaborg. Gögn er varða starfsemi leikskólans eins og rekstur hans, nemendur, starfsmenn og foreldra 1996-2018. Steinunn Baldursdóttir afhenti. 0,08 hillumetri.
- 2018/57 Hólmfríður Sigurðardóttir Borgarnesi. Jarðakaupssamningur og hlutabréf er varða Sigurð Erlendsson Lambastöðum. Félagaskrá Leikfélags Borgarness 1942-1944. Ingibjörg Erlendsdóttir, húsaleiga Egilsgötu 17, 1926-1930. Ása Baldursdóttir afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/58 Teitur Bogason Brúarfossi. Ljósmyndir og skjöl. Sigríður Þórðardóttir afhenti. 0,32 hillumetri.
- 2018/59 Varmalandsskóli. Málasafn, bókhald, prófskírteini, persónumöppur, foreldrafélag og útgefið efni 1954-2008. Kristín Kristjánsdóttir afhenti. 1,54 hillumetri.
- 2018/60 Hlöðutúnsskóli/Staðholtstungnaskólahverfi. Bréf, próf, reikningar 1926-1958. Einnig er nokkur bréf sem tilheyra lestrarfélaginu. Kristín Kristjánsdóttir afhenti. 0,08 hillumetri.
- 2018/61 Jón Guðmundsson og Ragnheiður Ólafsdóttir Borgarnesi. 31 ljósmynd úr Borgarnesi, m. a. frá vígslu Borgarneskirkju 1945-1960. Kristborg Markúsdóttir afhenti. 0,03 hillumetri.

- 2018/62 Kristján Ólafsson og Ása Ólafsdóttir Borgarnesi. Ljósmyndir, ættartöl og fl. Fréttabréfið Naglinn Vírnet 1991-1999. Sigrún Guðmundsdóttir afhenti. 0,08 hillumetri.
- 2018/63 Kristín Sigfúsdóttir. Minningabók sem fólk á Hvanneyri 1915-1923 hefur skrifað í vísur. Sævar Ingi Jónsson afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/64 Kristján Guðmundsson frá Indriðastöðum. Námsvottorð frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1916. Búnaðarsaga Íslands kennd af Páli Zóphóníassyni. Helga Zoëga afhenti. 0,05 hillumetri.
- 2018/65 Hvítárbrú. Saga Hvítárbrúarinnar, sýning í texta og myndum í Safnahúsi Borgarfjarðar í tilefni 90 ára afmælis brúarinnar 2018. Helgi Bjarnason afhenti. 0,01 hillumetri.
- 2018/66 Sigrún Símonardóttir. Ráðningarbréf, starfsreglur og ljósmynd af Sigrúnu við talsímaborðið á Símsstöðinni í Borgarnesi. 1959-1961. Sigrún Símonardóttir afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/67 Grundarteigur. Bréf er varða starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar Grundarteigs. Jón Eiríksson afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/68 Lítil minnisbók er fannst í húsi í Reykjavík. 0,03 hillumetri.
- 2018/69 Sparisjóður Mýrasýslu. Fundargerðabækur, bókhaldsskjöl og fl. Steinunn Ásta Guðmundsdóttir afhenti. 8,00 hillumetrar.
- 2018/70 Guðrún Kristjánsdóttir Skipanesi. 34 svarthvítar ljósmyndir af fólki. Ingibjörg Sigurðardóttir afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/71 Ingibjörg Sigurðardóttir. Ljósmyndir frá fjölskyldu hennar í Svarfhóli Borgarnesi. 0,03 hillumetri.
- 2018/72 Guðmundur Arason Borgarnesi. Ljósmyndir m.a. frá 100 ára afmæli Kaupfélags Borgfirðinga. Guðmundur Arason afhenti. 0,01 hillumetri.
- 2018/73 Ungmennafélagið Skallagrímur. 7 ljósmyndir af knattspyrnuliðum Skallagríms 1978-1983. Arna Einarisdóttir afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/74 Þórdís Þorkelsdóttir og Kristján Fjeldsted Ferjukoti. Leyfisbréf og vottorð 1938-1940. Guðrún Fjeldsted afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2018/75 Anna Brynjólfsdóttir frá Hlöðutúni. Ljósmynd af haugi Skallagríms í Borgarnesi 1929. Brynjólfur Guðmundsson afhenti. 0,01 hillumetri.

4. Munasafn

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður

Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn og Náttúrugripasafn Borgarfjarðar (deild í byggðasafni) og Listasafn Borgarness.

4.1 Byggðasafn Borgarfjarðar

Í safninu voru í árslok skráð 10.186 númer en voru 10.164 í árslok 2017. Hér má sjá lokanúmer skráninga allt aftur til ársins 2010:

2010	9.466
2011	9.715
2012	9.786
2013	9.903
2014	9.962
2015	10.012
2016	10.146
2017	10.164
2018	10.186

Allt sem kom nýtt inn var skráð í Sarp sem er viðurkenndur gagnagrunnur fagsafna (áður var skráð í Filemakerkerfið, en frá nr. 9652 í Sarp). Auk þess voru nokkrar skráningar eldri óskráðra muna.

Á síðustu árum hefur mikið verk verið unnið í að millifæra skráningar úr forritinu Filemaker yfir í Sarp. Var hver munur yfirfarinn, mældur og ljósmyndaður og gengið vel frá honum í geymslur. Má því nærri geta að verkefni þetta er afar seinlegt því safnkosturinn er stór. Þetta vinnst því eingöngu á löngum tíma. Var á árinu 2016 gert hlé á þessum millifærslum en þess í stað lögð áhersla á að skrá gripi Náttúrugripsafns Borgarfjarðar í Sarp og náðist að ljúka því verki á því ári.

Byggðasafnið vinnur samkvæmt söfnunarstefnu sem síðast var endurskoðuð í október 2013 og samþykktum frá árinu 2008. Útlánastefna var samin 2017 og er að finna á heimasíðu Safnahúss. Var það gert með ráðgjöf frá Þjóðminjasafni.

Markvisst hefur á síðustu árum verið unnið í að treysta allt skipulag og innviði safnsins og hlaut byggðasafnið viðurkenningu Safnaráðs í ársbyrjun 2014. Af því tilefni var einnig sótt um formlegt starfsleyfi og það veitt. Mikið starf er þó enn óunnið og má þar nefna vörslumál þótt þar hafi merkur áfangi náðst þegar flutt var inn í nýtt geymsluhúsnæði við Sólbakka fyrir nokkrum árum. Eru þetta sameiginlegar geymslur safnanna fimm og hafa margir munir frá munasöfnum og skjalasafni þegar verið fluttir þangað.

Hvað helstu önnur verkefni safnsins varðar er vísað í almennan formála í upphafi skýrslunnar.

Aðföng Byggðasafnsins voru alls 22 gripir¹ en voru 18 árið áður. Voru þeir skráðir sem hér segir:

- I0165 Kútur, smíðaður af Guðmundi Tómassyni á Stóru-Skógum.
- I0166 Mælistika úr eigu Þórðar Jónssonar frá Mófellsstöðum.
- I0167 Stafur eftir Þórð Jónsson frá Mófellsstöðum (úr eigu Margrétar Einarsdóttur).
- I0168 Brennimark, merkt Vilm. úr eigu Þórðar Jónssonar frá Mófellsstöðum.
- I0169 Vasaúr úr eigu Þórðar Jónssonar frá Mófellsstöðum.
- I0170 Leikfangahermenn frá Mófellsstöðum (óviss uppruni og eigandi).
- I0171 Skrín úr eigu Þórðar Jónssonar frá Mófellsstöðum.
- I0172 Stóll úr birki, smíðaður af Bjarna Sigurðssyni frá Hraunsási.
- I0173 Áletruð silfurskeið úr eigu Guðfinnu Jónsdóttur, Borgarnesi.
- I0174 Skauttreyja. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0175 Pils við skautbúning. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0176 Pils við skautbúning. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0177 Pils við skautbúning, hálfklárað. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0178 Pils. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0179 Regnfrakki. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0180 Sýslumannsbúningur. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0181 Sýslumannsbúningur. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0182 Sýslumannsbúningur. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0183 Sýslumannsbúningur. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0184 Sýslumannsbúningur. Eldri munur, var án safnnúmers.
- I0185 Orgel úr eigu Ólafar Jónsdóttur á Álftárósi.
- I0186 Tveir stólar (skráðir A&B) úr eigu Páls Jónssonar frá Örnólfsdal (af Pálssafni).

¹ Ath. nokkrir þeirra voru áður til á safninu en voru án safnnúmers. Þar var því um bætta skráningu að ræða en ekki nýja gripi.

4.2 Listasafn Borgarness

4.2.1 Safnkostur

Listasafnið á uppruna sinn í stórgjöf Hallsteins Sveinssonar til Borgnesinga á árunum 1971–1995. Safnið á sér því sterka persónutengingu og sérstaka sögu því Hallsteinn átti marga listamenn að vinum og rammaði mikið inn fyrir þá. Verk safnsins voru skráð í Sarp árið 2015 og var það mikill áfangi. Hefur þeim verkum sem ekki eru í útláni (sjá síðar) verið komið fyrir í geymslum safnanna. Á árinu var unnið að endurskoðun útlánareglna safnsins og voru þær samþykktar á fundi starfsmanna 12. desember.

Af þeim verkum sem skráð voru í safnið á árinu var eitt eftir Eyborgu Guðmundsdóttur sem áður var skráð í safnkost byggðasafns og eitt eftir Júlíus Axelsson sem barst úr einkaeigu í apríl 2018. Í lok febrúar bárust allmörg verk eftir Júlíus. Voru þau flokkuð og hluti skráð sem safngripir, annað verður varðveitt á geymslulofti á Bjarnarbraut. Var þetta gert í desember (Halldór Óli Gunnarsson verkefnisstjóri).

Alls voru 45 verk skráð í Listasafn Borgarness á árinu:

736	Vatnslitamynd eftir Júlíus Axelsson	19.04.2018
737	Grafikverk, Eyborg Guðmundsdóttir	30.11.2018
738	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
739	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
740	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
741	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
742	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
743	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
744	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
745	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
746	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
747	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
748	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
749	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
750	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
751	Blýantsteikning eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
752	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
753	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
754	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
755	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
756	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
757	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
758	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
759	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
760	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
761	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
762	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
763	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
764	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
765	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
766	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
767	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018

768	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
769	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
770	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
771	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
772	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
773	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
774	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
775	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
776	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
777	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
778	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
779	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018
780	Akrýlverk eftir Júlíus Axelsson	28.02.2018

Alls voru 780 verk skráð í eigu safnsins í árslok en 735 verk í árslok 2017. Safnið á fé í sjóði sem einnig er frá Hallsteini og ætlað er til byggingar eða endurbóta listasalar og/eða kaupa á verkum. Á árinu var lýsing bætt í Hallsteinssal og var kostnaðurinn rúmar 90.000 krónur. Stefnan síðustu ár hefur verið að kaupa lítið af verkum til safnsins en einbeita sér frekar að bættum aðbúnaði og meiri miðlun, forvörslu og betra utanumhaldi um muni safnsins. Í þessum anda voru nýir geymsluskápar á Sólbakka teknir í notkun árið 2014 og á árinu 2015 náðist sá merki áfangi að flytja þann hluta safnkostsins sem enn var á Bjarnarbraut yfir í tryggar geymslur á sama stað. Er nú allt safnið komið þangað sem ekki er í útláni eða á sýningu hverju sinni.

4.2.2 Sýningahald á listasviði og lán á listaverkum

Á árinu voru alls þrjár myndlistarsýningar og ein ljósmynda- og ljóðasýning í Hallsteinssal. Guðrún Helga Andrésdóttir sýndi málverk frá 6. janúar til 2. mars, Christina Cotofana sýndi teikningar 10. mars til 20. apríl og Steinunn Steinarsdóttir sýndi ullarmyndverk 1. sept. til 26. okt. Voru þetta fjölbreyttar sýningar og allar listakonurnar tengdust starfssvæði Safnahúss. Þann 25. apríl var opnuð sýning á ljósmyndum eftir Áslaugu Þorvaldsdóttur með ljóðskreytingum eftir Sigríði Kr. Gísladóttur. Stóð sú sýning fram í lok ágúst og var vel tekið. Alls sóttu um 1.250 manns myndlistarsýningar á árinu og í heild voru gestir í Hallsteinssal um 1500. Í menningarstefnu Borgarbyggðar er lögð áhersla á að hvetja til listsköpunar. Til þess er Safnahús gott verkfæri og Hallsteinssalur er afar mikilvægur fyrir myndlistarmenn á nærsvæði. Ein miðlunarleiða Listasafnsins er útlán verka til stofnana og fyrirtækja. Voru eftirtalin verk til sýnis á slíkum stöðum:

Brákarhlíð	1 verk
Hagvangur Borgarnesi	3 verk
Háskólinn á Bifröst	7 verk
Héraðsdómur Vesturlands	6 verk
KPMG, Borgarnesi	2 verk
Menntaskóli Borgarfjarðar, Borgarnesi	3 verk
Nepal hugbúnaður	2 verk
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri	14 verk
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarnesi	1 verk
Lögreglustjóraembættið, Borgarnesi	10 verk
Ráðhús Borgarbyggðar	48 verk

Samtals voru 97 verk í útláni á árinu og er það svipuð tala og á árinu 2017 (101 verk).

4.3 Náttúrugripasafn Borgarfjarðar

4.3.1 Almennt

Í safninu eru rúmlega átta hundruð gripir, fuglar, steinar, egg, bein o.fl. Safnið er í geymslum í aðalbyggingu og á Sólbakka, fyrir utan dýr sem eru til sýnis á sýningunni Börn í 100 ár (um 30 dýr) og á sýningunni Ævintýri fuglanna (205 dýr, 116 tegundir).

4.3.2 Ævintýri fuglanna

Árið 2013 var ný grunnsýning Náttúrugripasafnsins opnuð. Hlaut hún nafnið Ævintýri fuglanna og er helguð minningu Sigfúsar Sumarliðasonar (1932-2001) fyrrv. formanns Náttúrugripa- og Byggðasafns Borgarfjarðar. Sigfús stóð á sínum tíma fyrir metnaðarfullu faglegu safnastarfi og njóta héraðsbúar þeirrar arfleifðar í formi góðs safnkosts. Sýningin var hönnuð af Snorra Frey Hilmarssyni og var fimm ár í smíðum eftir því sem fjármagn (styrkir) leyfði. Snorri Freyr hannaði einnig hina grunnsýningu Safnahúss: Börn í 100 ár.

Megin áhersla sýningarinnar er farflugið og verndun búsetusvæða. Þetta er undirstrikað í leiðsögn ásamt listrænum áherslum sem snúa að alþjóðleika, sköpunarkrafti og verndun náttúrunnar. Hefur sýningin orðið gott innlegg í safnfræðslu og er vinsæl bæði meðal íbúa og ferðamanna.

Árið 2016 barst góður gripur að langtímaláni frá Náttúrugripastofnun, haförn frá árinu 1959, hafði hann rekið í Rauðasandshreppi á sínum tíma. Um sitjandi össu er að ræða og hafði vænghaf hennar mælst 220 cm. Var ráðgast við hönnuð sýningarinnar um staðsetningu fuglsins sem var komið fyrir þar.

4.3.3. Nýskráningar

Árið 2017 náðist sá merki áfangi að steinasafn safnsins var greint, flokkað og skráð. Hafði það ekki verið skráð fyrr. Þar með var Náttúrugripasafn Borgarfjarðar fyrsta safn sinnar tegundar sem skráði allan safnkost sinn í Sarp. Þetta mikilvæga verkefni var styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Af því leiddi að á árinu 2017 voru 855 gripir nýskráðir í safnið. Á árinu 2018 var hins vegar ekki um neinar nýskráningar að ræða.

4.3.4. Lán til annarra safna

Ekki var um lán á gripum náttúrugripasafns að ræða á árinu.

Gert í Borgarnesi í febrúar 2019

Guðrún Jónsdóttir (sign)

Jóhanna Skúladóttir (sign)

Sævar Ingi Jónsson (sign)

Skýrsla þessi hefur verið kynnt byggðaráði Borgarbyggðar

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (formaður)

Lilja Björg Ágústdóttir

Davíð Sigurðsson